

auka (Orka) við EES-samninginn (ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB).

Um framkvæmd reglugerðarinnar vísast að öðru leyti í viðkomandi gerðir sem framkvæma skal hér á landi í samræmi við ákvæði EES-samningsins, m.a. bókun 1 við samninginn um altæka aðlögun.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. nóvember 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 260/2003, um upplýsingaskyldu
seljenda nýrra fólksbifreiða varðandi eldsneytisnotkun og losun koldíoxíðs.**

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Veggspjald/sjónvarpsskjár.

Fyrir hverja bifreiðategund sem er sýnd eða boðin til sölu á sölustað eða í umboði sölu-
staðar skal komið fyrir veggspjöldum eða sjónvarpsskjá með lista yfir eldsneytiseyðslu og
losun koldíoxíðs allra nýrra fólksbifreiða.

Veggspjald eða sjónvarpsskjár skal a.m.k. vera 70 cm x 50 cm að stærð og skulu upp-
fylla eftirfarandi skilyrði, sbr. 4. gr. og III. viðauka tilskipunar 1999/94/EB, svo sem honum
var breytt með tilskipun 2003/73/EB:

1. flokkun undirtegunda eftir eldsneytistegund. Undir hverri eldsneytistegund eru undir-
tegundir flokkaðar eftir aukinni losun koldíoxíðs og er sú undirtegund sem hefur lægstu
eldsneytiseyðslu höfð efst á listanum;
2. fyrir hverja undirtegund skal tilgreina talnagildi eldsneytiseyðslu og losunar koldíoxíðs,
sbr. 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Eldsneytiseyðsla skal annað hvort gefin upp
í lítrum á hverja 100 km (l/100 km), kílómetrum á hvern lítra (km/l) eða viðeigandi
samsetningu af þessu, gefin upp með einum aukastaf. Losun koldíoxíðs skal tiltekin í
grömmum á hvern kílómetra (g/km), námunduð við næstu heilu tölu;
3. innihalda eftirfarandi texta: „Yfirlit yfir eldsneytiseyðslu og losun koldíoxíðs með
upplýsingum um allar nýjar tegundir fólksbifreiða fæst án endurgjalds á öllum sölu-
stöðum.“ og „Auk eldsneytisnýtni bifreiðar hafa aksturslag og aðrir þættir almenns eðlis
áhrif á eldsneytiseyðslu bifreiðar og losun koldíoxíðs frá henni. Koldíoxíð er sú gróð-
urhúsalofteggund sem stuðlar einna helst að hnattrænni hlýnun.“

Upplýsingar á veggspjaldi eða sjónvarpsskjá skulu uppfærðar a.m.k. á sex mánaða fresti.
Milli uppfærslna skal nýjum bifreiðum bætt neðst á listann.

Veggspjaldi eða sjónvarpsskjá skal komið fyrir á áberandi stað og skal vera auðvelt
aflestrar. Aðrar merkingar, tákn eða áletranir í tengslum við eldsneytiseyðslu eða losun kol-

díoxíðs sem samræmast ekki ákvæðum greinarinnar og hætta er á að villi um fyrir hugsanlegum kaupendum nýrra fólksbifreiða eru bannaðar.

Heimilt er að nota rafrænan skjá með flettitækni í stað veggspjalds eða sjónvarpsskjás, enda uppfylli hann eftirfarandi skilyrði:

1. skjárinn sé a.m.k. 25 cm x 32 cm (17 tommur) og jafn áberandi og veggspjald eða sjónvarpsskjár;
2. birti þær upplýsingar sem kveðið er á um í 1. og 2. tölul. 2. mgr. og birti stöðugt þá texta sem kveðið er á um í 3. tölul. 2. mgr.;
3. upplýsingar um eldsneytisnotkun og losun koldíoxíðs skulu a.m.k. uppfærðar á þriggja mánaða fresti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 72/1994 um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl. og með hliðsjón af tilskipun 2003/73/EB. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Íðnaðarráðuneytinu, 15. nóvember 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 69/1996, um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun rafknúinna kælikápa til heimilisnota.

1. gr.

4. málsl. 1. mgr. 4. gr. orðist svo: Blaðið skal hafa að geyma upplýsingar samkvæmt og uppfylla formskilyrði II. og IV. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB með síðari breytingum í ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 63/95 og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/66/EB, sbr. 16. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

10. gr. orðist svo: Ef tækin eru boðin til sölu, leigu eða kaupleigu með prentaðri eða skriflegri orðsendingu eða með öðrum hætti sem gefur til kynna að ekki sé gert ráð fyrir því að hugsanlegur viðskiptamaður geti séð tækið í útstillingu, s.s. með skriflegu tilboði, í póstpöntunarlista, auglýsingum á netinu eða öðrum rafrænum miðli, skal orðsendingin innihalda allar upplýsingar sem eru tilgreindar í III. viðauka við tilskipun 94/2/EB með áorðnum breytingum, sbr. 16. gr. reglugerðar þessarar.

3. gr.

Við 16. gr. bætast tveir töluliðir, svohljóðandi:

4. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/66/EB frá 3. júlí 2003 um breytingu á tilskipun 94/2/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerk-